

Fjallskilanevnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar

Stjórnskipuleg staða

Fjallskilanevnd heyrir beint undir bæjarstjórn. Bæjarstjóri starfar með ráðinu.

Undir nefndina heyra málefni er varða fjallskil í Vestur Barðastrandarsýslu.

Skipan ráðsins

Í ráðinu sem er sameiginlegt Tálknafjarðarhreppi, eiga sæti þrír fulltrúar og kýs bæjarstjórn tvo þeirra til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga, laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Á sama hátt eru kjörnir tveir fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa bæjarstjórnar á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétti.

Bæjarstjórnir Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps tilnefna formann.

Hlutverk

Hlutverk fjallskilanevndar er:

- að hafa yfirumsjón með fjallskilamálum í Vestur Barðastrandarsýslu,
- að framfylgja ákvæðum fjallskilasamþykktar fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslu,
- að fylgjast með að reglum um rekstur til afrétta sé framfylgt sbr. III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., en hann fjallar um verndun beitilands og ítölu.
- Að ákveða og auglýsa gangnadaga og skipuleggja leitir,
- Að fylgjast með ástandi rétta og viðhaldspörf þeirra,
- að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda í samráði við gróðurverndarnefnd og Landgræðslu ríkisins 15. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl.
- að leggja fram tillögur að aðgerðum til að bæta meðferð afrétta og til verndar gróðri ef þörf er talin á sbr. 16 – 19. gr. fyrrnefndra laga.

Fjallskilanevnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna þeirra verkefna sem heyra undir hana almennt.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn Vesturbyggðar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Fjallskilanevnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar kemur saman fyrir luktum dyrum. Nefndinni er heimilt að opna fundi sína komi fram ósk um slíkt svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki og skal það gert í samræmi við 2. mgr. 38. gr. samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Nefndin gerir samþykkt um reglulegan fundartíma á fyrsta fundi sínum að höfðu samráði við bæjarstjóra.

Nefndin skal halda gerðabók og rita fundargerð samkvæmt II. lið 16. gr. um fundarsköp og ritun fundargerða samþykktar um stjórn Vesturbyggðar. Fundarritari hefur umsjón með frágangi og

ritvinnslu fundargerðarinnar, birtir hana á heimasíðu sveitarfélagsins í lok fundar og kemur fundargerðinni til bæjarskrifstofu. Ritari bæjarstjórnar leggur fundargerðina fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Formaður fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra eftir atvikum. Fundur í fjallskilaneftnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar er boðaður með skriflegu eða rafrænu fundarboði ásamt dagskrá a.m.k. einum sólarhring fyrir fund og skulu fundargögn birt með rafrænum hætti á lokaðri fundargátt sveitarfélagsins.

Formaður fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar stýrir fundum ráðsins samkvæmt 39. gr. samþykktu um stjórn Vesturbyggðar.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Eftirfylgni

Formaður fjallskilaneftndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðar og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu ráðsins.

Réttindi og skyldur

Um réttindi og skyldur fulltrúa í fjallskilaneftnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Vesturbyggðar, eftir atvikum.

Fulltrúa í ráðinu er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns ráðsins a.m.k. þremur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í fjallskilaneftnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar en eru ekki bundnir að öðru en sannfæringu sinni, lögum, fjallskilasamþykkt fyrir Barðastrandar- og Ísafjarðarsýslu og samþykktum um stjórn Vesturbyggðar í atkvæðagreiðslu um málefni í ráðinu.

Fundarmenn eru bundir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir fræðslu- og æskulýðsráð og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls og lögum hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskilda helst þótt látið sé af störfum/ nefndarsetu ljúki.

Fulltrúi í ráðinu skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varðar hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal fjallskilaneftnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem undir starfsvið þess heyrir, sérstaklega þó lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl.. Þá skal ráðið fylgja sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn Vesturbyggðar eins og hún er hverju sinni.